

Styrktarsamningur

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, hér eftir ráðuneytið, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hér eftir styrkþegi, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við verkefnið miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við umsókn sveitarfélagsins þann 30. júní, 2025.
- 1.2. Árangur og framgangur verkefnis samnings þessa er mældur út frá þeim mælikvörðum sem tilgreindir voru í umsókn sveitarfélagsins.
- 1.3. Markmið samnings þessa er að tryggja stefnu skv. kafla 29.40 í fjármálaáætlun.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Með samningi þessum veitir ráðuneytið styrkþega styrk að fjárhæð kr. 240.727.235 vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr. Styrknum tekur til launakostnaðar hjá sveitarfélögum og kaup á sérhæfðri ráðgjöf. Styrkurinn nær ekki til kostnaðar vegna mannauðsmála, tækjakaupa eða annan aðbúnað fyrir starfsfólk. Framlag til mats á verkefninu, sem Háskóli Íslands annast, hefur verið lækkaður úr 20 m.kr. í 15 m.kr.
- 2.2. Styrkurinn kemur frá málaflokki 29.40, af fjárlagalið 02-999-121.
- 2.3. Styrkurinn verður greiddur út í tveimur greiðslum inn á bankareikning viðskiptabanka styrkþega með eftirfarandi fyrirkomulagi: kr. 192.727.235 greiðast eftir undirritun samnings þessa og kr. 48.000.000 greiðast eftir skil skýrslu, sbr. 3.3. gr. samnings þessa, sbr. þó 3.4. gr.
- 2.4. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. og einnig reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar.
- 2.5. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 2.6. Tengiliður ráðuneytisins við styrkþega er Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

3. Ábyrgð og skyldur styrkþega

- 3.1. Styrkþega er óheimilt að ráðstafa styrknum í annað en þau verkefni sem tilgreind eru í 1. gr. þessa samnings. Þá er styrkþega jafnframt óheimilt að afhenda og/eða framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- 3.2. Styrkþegi skal taka fram í kynningarefni þeirra verkefna sem samningur þessi tekur til að verkefnin séu styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- 3.3. Styrkþegi skal eigi síðar en 60 dögum frá lokum samningstíma, skila mennta- og barnamálaráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um framvindu verkefna og reikningsskil í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál. Í skýrslu skal gerð grein fyrir framgangi og árangri verkefna, m.a. út frá mælikvörðum skv. 1.2. gr. þessa samnings. ásamt sundurliðun á hvernig styrknum var ráðstafað. Skýrsluna skal senda á netfangið mrn@mrn.is.
- 3.4. Lokagreiðsla skv. 2.3. gr. þessa samnings er háð því að styrkþegi hafi skilað fullnægjandi skýrslu skv. 3.3. gr. Hafi skýrslu ekki verið skilað innan 60 daga frá lokum samningstíma fellur lokagreiðsla niður. Jafnframt getur það haft áhrif á frekari

styrkveitingar til styrkhafa vanræki hann skyldur sínar um skil skýrslu skv. 3.3. gr. þessa samnings.

- 3.5. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnin, eins fljótt og auðið verður.
- 3.6. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

4. Vanefndir

- 4.1. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Að sama skapi getur það leitt til endurskoðunar á styrkfjárhæð og/eða skapað ráðuneytinu endurkröfurétt ef styrkþegi brýtur með athöfnum eða athafnaleyzi gegn skilyrðum eða forsendum fyrir framlagi eða styrk í samningi þessum.
- 4.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 4.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. Gildistími

- 5.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2027.

Reykjavík, 6.11.2025

f.h. mennta- og barnamálaráðherra
Halldóra D. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

f.h. Reykjavíkurborgar
Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri